



# Ný lög um félög til almannaheilla Ávinningur og áskoranir

---

Fundur Almannaheilla og Vaxandi 3. mars 2022

Áslaug Björgvinsdóttir sérfræðingur í félagarétti og lögmaður á Lögman lögfræðipjónustu

# Efni erindisins

- Tilefni, hagsmunir og leiðarljós að baki lögunum um FTA?
- Frjáls félagasamtök helstu einkenni og hlutverk í lýðræðissamfélagi
  - Félagafrelsi, sjálfræði félaga og félagaréttarlegt samningsfrelsi – grunnhugmyndir/meginreglur um frjáls félagasamtök, hlutverk samþykktá og starfsemi innan þeirra
- Munurinn á frjálsum félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum
- Gildissvið laganna – ekki almenn heildarlöggjöf um hvers konar frjáls félagasamtök
- Einkenni nýja félagsformsins FTA, skipulag þess og skilyrði skráningar
- Ófrávíkjanlegar reglur um innra skipulag og álitaefni í tengslum við félagafrelsi, sjálfræði félaga og félagaréttarlegt samningsfrelsi
- Ávinningur, áskoranir og hindranir – fyrir hvernig félög eru lögin?

# Tilfni og nauðsyn lagasetningar skv. frumvarpinu

- Frumkvæði Almannaheilla – samtaka 3. geirans og undirbúningsstarf félags- og tryggingamálaráðuneytis og nefndar sem skilaði skýrslu 2010
- **Vandamál tengd því að félög fá greiðslur frá ríki og sveitarfélögum en engin heildarlöggjöf um frjáls félagasamtök => engar reglur um:**
  - Skuldbindingarhæfi
  - Ábyrgð stjórnar á fjárreiðum, skaðabótaábyrgð og vanhæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra
- Gera félagsmönnum ljósar allar helstu reglur sem um starfsemina gilda, ekki aðeins skilgreiningar og reglur um fjármála heldur líka aðrar reglur félagaréttar.
- Óljós skil milli félagsforma í reynd, þ.e. félagasamtaka, sjálfseignarstofnana með staðfesta skipulagsskrá og stofnana í atvinnurekstri – við lagasetninguna ekki fallist á það með 2010 nefndinni að mikilvægt að setja heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana
- **Skýrari reglur þurfi að gilda um rekstrarumhverfi félagasamtaka sem sinna opinberri þjónustu samkvæmt samningum við ríki og sveitarfélög.**
- Auka traust og bæta skráningu til að auðvelda yfirsýn yfir starfsemi félagasamtaka



# Helstu einkenni félaga/frjálsra félagasamtaka

- Félag er einkaréttarlegur samningur um stofnun félags til að vinna í sameiningu að framgangi ákveðins tilgangs í tilteknu félagsformi
- Frjáls félagasamtök eru félög stofnuð í ófjárhagslegum tilgangi, þ.e. ekki er stefnt að fjárhagslegum ávinningi/hagnaði hvorki fyrir félagið né félagsmenn heldur er hið ófjárhagslega markmið/málefnið/hugsjónin/baráttumálið það sem starfsemin snýst um.
- Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélögum með því að ýta undir umræðu og baráttu fyrir ákveðnum þjóðfélagsmálum, iðulega minnihlutahópa og jaðarsettra.
- Rétturinn til að stofna félög er stjórnarskrárvarinn og telst til mannréttinda ásamt funda-, skoðana – og tjáningarfrelsi og myndar einn af hornsteinum lýðræðisins.

# Helstu einkenni og munur FF og SES

báðum ætlað að starfa til lengri tíma í þágu skilgreinds tilgangs. skv. settum reglum (samþykktum) og takmörkuð ábyrgð

## Frjáls félagasamtök

- Ekkert stofnfé
- Félagasáðild, opin, breytileg og sjálfviljug
- Félagsgjöld
- Jafn atkvæðisréttur og meirihlutaákvæðanir – lýðræðislegt skipulag
- Iðulega um þjónustu og umönnun s.s. félagslegrar og heilbrigðis, sjálfböðavinnu og hagsmunabaráttu, forsvar og rödd um framgang tiltekinna mála/hagsmuna, samráð við stjórnvöld
- Sjálfræði og sjálfstæði – Félagafrelsi

## Sjálfseignarstofnanir

- Framlög í formi gjafa og/eða stofnfjár aðskilin frá fjárhag stofnenda
- Sjálfstæð stjórn óháð stofnendum (sbr. ekki samtök aðila/meðlima sem hafa íhlutunarrétt um málefni stofnunarinnar)
- Stjórn má skipa fjárvörsluaðila
- Rannsóknir og styrkveitingar
- Fjármögnun sjálfböðaliðastarfs og þjónustu og umönnun s.s. félagslegrar og heilbrigðis.

# LAGAUMHVERFI

## Frjáls félagasamtök

- Félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019 - skráningarskyld
- Lög nr. 110/2021 um FTA - Valkvætt nýtt félagsform um félagasamtök til almannaheilla sem geta stundað atvinnustarfsemi sem leiðir af tilgangi eða hefur óverulega fjárhagslega þýðingu
- Tekur ekki til almannaheillafélaga sem kjósa að standa utan laganna né samtaka í þágu félagsmanna eins og fagfélög, stéttarfélög og atvinnurekendafélög.

## Sjálfseignarstofnanir

- Engin heildarlöggjöf en í gildi lög nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og er skylt að skrá sig samkvæmt þeim
  - Áreikningalögin gilda 1. gr. ársrl. og ársreikningaskrá með eftirlit sbr. 3. mgr. 34. gr. SES laga.
- Um sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur en eru með [staðfesta skipulagsskrá](#) gilda lög nr. 19/1988.
- Ekki er skylt að skrá sjóði / sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur og því geta þær starfað utan framangreindra laga

## Margvísleg félagasamtök, hlutverk og starfsemi

- Í meginráttum tvær grundvallargerðir hlutverka sem iðulega fara saman í sama félaginu:
  - Starf byggt á þátttöku meðlima/grasrótar valdeflingu þeirra og starfi, s.s ólaunuðu sjálfboðaliðastarfi, hagsmunabarátta, hugsjónastarf, málsvari gagnvart stjórnvöldum og öðrum.
  - Í auknum mæli einnig sérhæfð starfsemi sem krefst sérþekkingar og ráðningar sérhæfðs starfsfólks, t.d. rekstur fasteigna félagsins, atvinnustarfsemi í þágu hins ófjárhagslega markmið, s.s. velferðar/heilbr.þjónustu á grundvelli samninga við opinbera aðila. Og sem aftur gerir kröfur um faglega ferla, sérþekkingu og færni s.s. til að fullnægja kröfum stjórnvalda fyrir styrkjum og þjónustusamningum og líka að starfið sé faglegt og lögum samkvæmt.

# Lögman

Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður

Eðli sínu samkvæmt verða félög, og þess þá heldur frjáls félagasamtök, ekki steipt í sama mót

Farsælast almennt að félög semji sjálf lög og samþykktir sínar – smíði sjálf verkfærið/regluverkið/rammann fyrir samstarfið til að ná tilgangi félagsins

Á grundvelli félagafrelsis og grundvallarreglunnar um sjálfræði félaga ber löggjafa að stíga varlega til jarðar við setningu reglna um innra skipulag og innbyrðis réttarsamband félagsmanna.

Sbr. t.d. markmið setningar laga um sameignarfélög nr. 50/2007 að „tryggja áfram samningsfrelsi um innri málefni sameignarfélaga og sveigjanaleika rekstrarformsins.“ Sbr. grg. með frv.



# Almannaheillafélögin eru ekki almenn löggjöf um hvers konar félagasamtök

- Gildissvið laganna takmarkað við félög (almannaheillafélög) sem skráð eru í **Almannaheillafélagaskrá** og stofnuð eru til eða starfrækt í þeim tilgangi að efla afmörkuð málefni til almannaheilla samkvæmt samþykktum
  - Takmarkað gildissvið en fyrirmynd laganna, þ.e. finnsku lögin sem taka til hvers konar hugsjóna félaga (Ideella föreningar sem vinna að „ideellt syfte“, þ.á m. fagfélaga, tómstundafélaga, íþróttafélaga og stjórn málaflokka og ekki eingöngu almannaheillafélaga.
- Almannaheillafélög sem skrá sig ekki skv. lögnum mega ekki kalla sig félög til almannaheilla fta. og þau sem eru skráð þurfa ekki að kalla sig það.
- Áfram engin heildarlög um frjáls/almenn félagasamtök eða sjóði og sjálfseignarstofnanir. **„Ekki þótti ástæða til að ganga svo langt að semja sérstakt frumvarp um frjáls félög eða félagasamtök almennt“**

# Hugtakið almannatheill

## Skv. skattalögnum og tæmandi talin

- a. mannúðar- og líknarstarfsemi,
- b. æskulýðs- og menningarmálastarfsemi,
- c. starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félagseininga sem starfa undir merkjum samtakanna,
- d. vísindaleg rannsóknarstarfsemi,
- e. starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða,
- f. neytenda- og forvarnastarfsemi,
- g. starfsemi þjóðkirkjunnar, þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga.
- h. Skilgr. nánar og um sumt þrengt í 17. gr. reglugerðar [nr. 100/2021](#) um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

## Skv. almannatheillafélagalögnum

- Ólíkt skattalögnum er hugtakið almannatheill ekki skilgreint í lögnum og er fyrir vikið opnara
- Í alm. aths. við frv. segir að með frjálsum félagasamtökum sem starfa að almannatheillum sé átt við frjáls félagasamtök sem hafa það að markmiði að vinna að heill ótiltekins fjölda manna án hagnaðarsjónarmiða þeirra sem reka og stýra félagi.
- Í aths. frv. við 1. gr. segir að átt sé við svonefnd hugsjónafélög sem stofnuð eru til mannræktar eða styrktar á einhverju sviði og beinast að ákveðnum einstaklingum sem uppfylla ákveðin skilyrði eða málefni sem nánar er skilgreint í samþykktum félagsins. Málefnið verði að vera til einhverra þjóðþrifa, s.s. mannræktarfélag, styrktarfélag sjúklinga, björgunar- og hjálparfélög, neytendafélög og menningarfélag
- Starfsemi með þjóðfélagslegan tilgang og samfélagsleg markmið að leiðarljósi

FTA má stunda atvinnustarfsemi, sem nefnd er í samþykktum þess, leiðir beint af tilgangi félagsins eða hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu, sbr. 3. gr.

Sama og gildir um frjáls félagasamtök og skráning eftir lögunum því ekki skilyrði atvinnustarfsemi annarra frjálsra félagasamtaka

Hafi félag með höndum verulegan atvinnurekstur skal halda fjárreiðum og reikningshaldi varðandi þann rekstur aðskildu frá öðru bókhaldi og eignum félagsins. Sé félag í tengslum við atvinnufyrirtæki skv. samþykktum sínum eða samningi skal þess getið í ársreikningi eða skýringum við hann, sbr. 4. mgr. 22. gr.

# Valkvætt að skrá sig en ...

- Valkvætt fyrir félög sem starfa í þágu almannaheilla hvort þau gangast undir löginn með skráningu en því fylgir afsal á sjálfræði og frelsi um innra skipulag, sem annars er kennimark frjálsra félagasamtaka
  - Hvert og eitt félag ætti því að meta sjálfstætt ávinninginn af skráningu og að gangast undir löginn og sumar ófrávíkjanlegar reglur þess - kosti og galla
- Þó í raun ekki alveg valkvætt
  - Skv. 2. gr. FTA laga geta opinberir aðilar geta gert skráningu félags í Almannaheillafélagaskrá að skilyrði styrkja, rekstrarsamninga og opinberra leyfa
  - Ráðuneytið skrifar í minnisblaði til allsherjarnefndar það geri ráð fyrir að meginreglan verði að skráningar verði krafist.
  - Félög sem vinna að almannaheill en eru ekki skráð mega ekki kalla sig félög til almannaheilla
- Íþróttafélög mega skrá sig á almannaheillafélagaskrá án þess þó að þurfa að fylgja lögnum
  - Niðurstaðan vegna harðrar og rökstuddrar andstöðu íþr.hreyfingarinnar gegn því að vera þvinguð undir löginn með vísan til sjálfstæðis og sjálfsforæðis hennar á eigin málum

## Helstu einkenni FTA

- Almannaheillatilgangur (1:I)
- Einkaréttarleg samtök sem stofnað er til með samningi en ekki t.d. lögum eða alþjóðlegum samningum (1:II)
- Félag með takmarkaðri ábyrgð (Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum og öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu)
- Ekkert stofnfé en tilgreina ber ásamt tilgangi í samþykktum **fjármögnun og ráðstöfun fjármuna** og líka kveða á um skyldu félagsmanna til að greiða félagsgjöld og önnur gjöld til félagsins (5) (félagsgjöld þó ekki skylda, sbr. aths. í frumvarpi)
- Félagsaðilar eiga ekki eignaréttarlegt tilkall til eigna félagsins
  - Leiðir af tilgangi félagsins almannaheill og meginreglum um almenn félagasamtök að **ekki í hagnaðarskyni** og þeirri skyldu að tilgreina á í samþykktum hvernig fara á með eignir félagsins ef það er lagt niður eða því slitið (i-liður 5) og reglu 2. mgr. 23. gr. að við slit skuli ráðstafa eignum sem eftir standa sem ekki er unnt að nýta samkvæmt samþykktum til landssamtaka sem félagið var aðili að eða til þess sveitarfélags sem félagið er með skráð lögheimili við slit sem skal ráðstafa þeim til sambærilegra verkefna og segir í samþykktum



# Helstu einkenni FTA

- Lýðræðislegt skipulag þar sem félagsfundur (fulltrúaráð) fer með æðsta valdið í málefnum félagsins samkvæmt samþykktum (9:1) Þannig er í lögnum gert ráð fyrir vettvangi allra félagsmanna þar sem þeir geta haft áhrif og sinnt eftirlit með störfum félagsins
  - Ófrávíkjanleg regla að „tryggja skal öllum sem hafa rétt til áhrifa í félaginu tækifæri til að taka þátt í tilnefningum til framboðs“. Krefst útfærslu og mismunandi leiðir færar eftir stærð og gerðum samtaka en engar útskýringar í frumvarpinu.
- Meirihlutavald (14:1) Leiði annað af ekki samþykktum ræður meiri hluti atkvæða úrslitum á félagsfundi
- Meginregla að hver félagsmaður með atkvæðisrétt sem nemur einu atkvæði sé ekki annað tekið fram í samþykktum. Enginn getur farið með atkv.rétt annars skv. umboði sé það ekki sérstaklega heimilað í samþykktum. (12)

# Helstu einkenni FTA

- Minnihlutavernd
  - M.a. ófrávíkjanleg regla um aukna minnihlutavernd/aukinn meirihluta að **minnst  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða** þarf til **breytinga á samþykktum félags, slita eða afhendingar meiri hluta eigna** þess. Meiri kröfur en samkvæmt flestum félagasamþykktum hér landi og meginreglum. (14:1)
  - Ófrávíkjanleg regla að minnst tíundi hluti atkvæðisbærra félagsmanna getur krafist aukafundar til að taka ákveðið mál til meðferðar og skal þá stjórn „án tafar“ boða til fundarins. (14: 2 og 3)
  - Ákvarðanir sem rýra sérstaka hagsmuni sem félagsmaður á skv. samþykktum eða raskar jafnræði félagsmanna ógildar (17)

# Helstu einkenni FTA

- Opið félag með frjálsri og breytilegri félagsaðila (III. Kafli)
  - Allir (einstaklingar, félög, sjóðir og sjálfs.eignarstofnanir) sem uppfyllta skilyrði samþykktu um inngöngu í félagið er hún heimil
    - – ekki gert ráð fyrir að opinberir aðilar/stofnanir geti verið félagsaðilar
  - Reglur um inngöngu, úrsögn og brottvísun (6.-8. gr.) þ.á m. ófrávíkjanlegar reglur sem sættu gagnrýni umsagnaraðila s.s.
    - Um að „sækja skal um aðild til stjórnar“, en hins vegar frávíkjanleg regla að stjórnin taki ákvörðun um aðildina. Mörg félög afgreiða hins vegar félagsumsóknir á skrifstofunni.
    - „Tilkynna skal úrsögn „til stjórnar eða stjórnarformanns“. En einnig hægt „á fundi í félaginu með því að tilkynna það til bókuar í fundargerð.“
    - Ákveða má í samþykktum að úrsögn taki gildi að tilteknum tíma liðnum en þó ekki lengur en eitt ár.
    - Skjóta má ákvörðun stjórnar um brottvísun til félagsfundar. Hér var t.d. ekki tekið tillit til umsagnar um að þar sem bent var á að í viðkomandi félagasambandi var kveðið á um málskot til landsstjórnar.

# Strangar alm. hæfiskröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra – þurfa að vera lögráða og bú þeirra má ekki vera undir gjaldaskiptum

- Í nefndaráliti er vísað til minnisblaðs ráðuneytisins í tilefni af umsögnum þar sem fram komi „að skortur á lögræði falli illa að þeirri ábyrgð sem almennt er gert ráð fyrir að stjórnarmenn í félögum hafi, t.d. gagnvart félagsmönnum og gagnvart 3.ja aðila s.s. viðsemjendum“ og líka að rétt sé að gera lögræði að skilyrði eins og almennt á sviði félagaréttar.
  - Sú almenna skipan á sviði félagaréttar gildir um fjárhagsleg félög
- Svipaðar og til stjórnenda sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, hf., ehf. og fjármálafyrirtækja
- Umdeilt, sbr. m.a. umsagnir Barnaheilla, Félags framhaldsskólanema og Landssambands Ungmennafélaga varðand börn/ungmenni og Hagsmunasamtök heimilanna sem bentu á að gæti torvelað starfsemi félaga sem starfa í þágu einstaklinga í fjárhagserfiðleikum. Samtökin lögðu til að yrði breytt þannig að gjaldþrotaákvæðið ætti ekki við um meðstjórnendur ef þeir færu ekki með fjárreiður eða yfirstjórn, þ.e. væru ekki gjaldkeri, formaður eða framkvæmdastjóra.

Hér virðast önnur hlutverk frjálsra félagasamtaka þeirra, þ.e. að vera málsvari/rödd og hagsmunagæsluaðili (iðulega minnihluta og jaðarsettra hópa í samfélaginu), og þar með stjórnar að vera stefnumótandi málsvari, marka stefnu félagsins og vera forsvarsmaður í samskiptum við fjölmiðla, stjórnvöld og löggjafa, þ.á m. samráðsaðilar, léttvæg talin.

Sbr. skýrt ákvæði 2. mgr. 19. gr. „Stjórn félagsins skal móta stefnu og skipuleggja starf félagsins“ ... „og „taka ákvarðanir um starf þess“ auk þess að „hafa eftirlit með rekstri félagsins“

=> Hlutverk stjórnar er ekki eingöngu að vera eftirlits- og gæsluvörður fjármuna

=> Æskilegt að stjórn frjálsra félagasamtaka sé ekki einsleit heldur skipuð fólki með ólíka hæfni og m.a. þekkingu/reynslu af málefnum/hagsmunum félagsins.

Bendir til að löggjafinn líti á félagsformið, félög til almannaheilla, fremur sem „fjárhagslegt“, þ.e. félag um fjármálalegan rekstur og fókusinn sé á hagsmuni haghafa eins og ríkið og viðsemjendur (kröfuhafa). Áherslan er á forsvaranlega meðferð fjármuna fremur en málefnalegt forsvar, stefnumótun og hagsmunabaráttu s.s. á sviði mannréttinda. Þó lögin séu ekki bundin við samtök í atv.starfsemi þá taka ófrávíkjanlegar reglur laganna mið af atvinnustarfsemi.



## Sjálftökuvarnir um stjórnendur og félagsmenn (13)

- Félagsmenn eiga hvorki atkvæðis- né tillögurétt á félagsfundi þegar fjallað er um samning milli hans og félagsins eða um önnur málefni þar sem hagsmunir hans og félagsins fara ekki saman (13)
- Stjórnarmenn og félagsmenn sem rekið hafa erindi fyrir félagið eða bera ábyrgð að öðru leyti hafa ekki atkvæðisrétt um val eða brottvikningu endurskoðanda, endurskoðunarfyrtækis, skoðunarmanna eða trúnaðarmanns úr hópi félagsmanna, samþykkt áreiknings eða uppgjöf ábyrgðar varði þær ákvarðanir viðkomandi erinda (13)

# Sérstakt hæfi stjórnarmanna og starfsmanna - sjálftökuvarnir 21. gr.

- Mega hvorki taka þátt í meðferð né ákvörðun í máli sem varðar samnings milli þeirra og félagsins né í „nokkru öðru máli þar sem hagsmunir þeirra kunna að stangast á við hagsmuni félagsins“.
  - Þrátt fyrir framangreint bann við viðskiptum við sjálfa sig f.h. félagsins virðist samt gert ráð fyrir að stjórn geti reiknað sér endurgjald fyrir störf hjá félaginu en skv. 21:II er stjórn óheimilt að reikna sér, endurskoðendum skoðunarmönnum, trúnaðarmönnum úr hópi félagsmanna, framkvæmdastjórum eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf hærra endurgjald fyrir störf hjá félaginu en venjuleg er eftir eðli og umfangi starfanna.
  - Hvers vegna ekki kveðið á um að félagsfundur ákveði laun/starfskjararamma stjórnenda?
- Bann við lánveitingum og tryggingum til sömu aðila og manna þeim tengdum eins og nánar lýst. Á þó ekki við um fyrirgreiðslu sem fellur að starfsemi félagsins og allir sem uppfylla ákveðin skilyrði eiga jafnan aðgang að.

Svipaðar sjálfstökuvarnir um stjórn sjálfseignarstofna í atvinnustarfsemi í lögum um SES í atvinnustarfsemi, sbr. 34. gr. laga um þær, en þar er hins vegar gert ráð fyrir eftirliti ársreikningaskrá með ársreikningi og tilkynningaskyldu til ráðherra ef telja má að ákvæðin hafi verið brotin.

Skoðunarefni hvort betur væri að á reglurnar, þ.á m. um gerð ársreikninga, og eftirlitið væru svipaðri um félagasamtök og sjálfseignarstofnanir í atvinnustarfsemi.

NB umsagnir ríkisendurskoðanda við meðferð frumvarpsins um að huga þurfi að samspili við lög nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir og lög nr. 33/1999 um ses sem stunda atvinnurekstur.

# Skilyrði breytingar félagasamtaka í FTA

- Skráð félagasamtök sem óska skráningar sem FTA þurfa að fara yfir samþykktir sínar og uppfæra þær eftir atvikum miðað við skilyrði laganna/ófrávíkjanlegar reglur og skila nýjum samþykktum með skráningarbeiðni til fyrirtækjaskrár, sbr. 4. mgr. 32. gr. laganna.
- Ákvörðun um breytingu félagasamtaka í FTA þarf að vera tekin á félagsfundum

# Ávinningur af skráningu sem FTA – kostir/gallar/nauðsyn

- Gæðastimpill, viðurkenning á því að sé félag sem treysta megi fyrir opinberum samfélagslegum verkefnum og þjónustu og þannig liðkað til við að fá opinbera styrki og framlög
- „Niðurstaðan var að leggja það í hendur opinberra aðila að ákveða hvort krafist yrði skráningar í almannaheillaskrá til að fá styrki eða opinber leyfi „þó gera megi ráð fyrir að meginreglan verði að skráningar sé krafist.“ Sbr. frv. til laganna.
- Skráningu í Almannaheillafélagaskrá fylgir ekki sjálfkrafa skattalegt hagræði skv. nýju lögnum um skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla
  - Almannaheillaskrá Skattsins er önnur skrá með öðrum skilyrðum og ekki bundin við FTA
- Skýrari reglur um samstarfið, réttarstöðu félagsmanna, stjórnenda og viðsemjendur
- Sama má einnig tryggja með góðu regluverki í samþykktum félaga.
- Lögin geta því virkað sem hvati fyrir félög sem vilja ekki gangast undir lögin að semja sjálf gott regluverk og ferla um skipan og starfsemi félagsins.
- Takmarkaðra samningsfrelsi/sjálfsákvörðunarréttar um skipulag félagsins og innri mál – þess vegna gat íþróttahreyfingin ekki sætt sig við lögin og að vera sett undir hana.
- Of dýrt og flókið fyrir minni félagasamtök sem rekin eru af sjálfbóðaliðum og hafa ekki yfir að ráða sérfræðingum eða efni á að ráða ráðgjafa



FTA-lögin og reglur þess um skipulag og stjórnun virðast taka mið af fjárhagslegu félagi í umfangsmikilli og/eða samfélagslegri atvinnu- og þjónustu starfsemi á grundvelli opinberra fjárveitinga, rekstrarleyfa og samninga við ríki og/eða sveitarfélög

Þetta er ekki löggjöf sem er ætluð félagasamtökum almennt og hún hentar þeim jafnvel ekki heldur – það þarfnast a.m.k. skoðunar í hverju tilviki

- Sjá m.a. minnisblað atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneyti 31. maí 2021 til allsherjarnefndar þar sem fjallað er um umsagnirnar sem bárust, m.a. varðandi aths. ASÍ að ætla megi að því ýtarlegri sem löggjöf um frjáls félagasamtök, sbr. m.a. sérrefsiákvæði vegna brota á atriðum er varða innri málefni félagsins. Því meiri líkur á að stangist á við stjórnarskrá og rétt sé að hyggja vel að því hvort félagiforminu sé sniðinn of þröngur stakkur,
- sem ráðuneytið svaraði að **ekki væri óeðlilegt að sett væri ákvæði um viðurlög að fyrirmynd hlutafélagalaga „með hliðsjón af því að skráning er einkum ætluð félögum þar sem stærð, umfang eða eðli starfseminnar feli í sér þær skyldur og réttindi sem í lögunum sé kveðið á um“**, sbr. 29. gr.

Mikilvægt að halda áfram endurskoðun laga um óhagnaðardrifin rekstrarform og vinna að samhæfingu reglna um þau og góðum verkfærum í löggjöf sem taka mið af ólíkum gerðum og þörfum félagsamtaka, sjálfræði félaga og samningsfrelsi og þjóna sem góð verkfæri fyrir félögin til að efla stjórnarhætti og trúverðugleika, og þar með þá samfélagslegu hagsmuni sem þau gegna

Hún á enn við niðurstaðan í [skýrslu](#) nefndarinnar frá 2010, sem lagði mat á mikilvægi löggjafar um frjáls félagasamtök og sjálfseignarstofnana, að samhæfa þyrfti reglurnar um þessi form og semja heildarlög um þau (bls. 18)

Og sömu skoðunar er Ríkisendurskoðun sbr. umsagnir til þingsins, m.a. 23. mars 2021: „Ennfremur óskar Ríkisendurskoðun eftir því að Alþingi taki til heildarendurskoðunar lög nr. 19/1988 en embættið hefur margoft bent á að lögin séu barn síns tíma og að þau hafi ekki að geyma áhrifarík verkfæri til að tryggja skil á ársreikningum til Ríkisendurskoðunar.“

# Til umræðu og umhugsunar

- Hefði verið nærtækara að setja lög um lágmarksramma með frávíkjanlegum reglum fyrir frjáls félagasamtök annars vegar
- og hins vegar sérlög um fyrirtæki/félög/sjálfseignarstofnanir í opinberri þjónustustarfsemi sem fjármögnuð eru með opinberum styrkjum/fjárlögum á grundvelli þjónustusamninga við ríkið/sveitarfélög?
  - Með hliðsjón af lögum fjármálafyrirtæki og sbr. tilgang þeirra skv. 1. gr.
    - Tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.
  - Ein lög um sömu kröfur til hvers konar einkaréttarlegra rekstraraðila án tillits til rekstarforma, sem ríki eða sveitarfélög gera samninga við um opinbera þjónustu s.s. heilbrigðis- og velferðarþjónustu?